

Fimmtudaginn 10. ágúst 1995 kl. 12:15

59. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 24/1995

**Erindi Sverris Sigurðssonar hf. um  
meint verðsamráð pípulagningameistara  
fyrir milligöngu Mælingastofu pípulagningamanna**

**I.**

**Erindið**

**1.**

Erindi, dagsett 28. október sl., barst frá Sverri Sigurðssyni hf. pípulagningafyrirtæki. Í erindinu er í fyrsta lagi óskað eftir því að Samkeppnisstofnun athugi meint verðsamráð sem Mælingastofa pípulagningamanna beiti sér fyrir. Um þetta segir í erindinu: „*Tel ég að um hreina verðstýringu sé að ræða og í öllu falli leiðandi fyrir verðlagningu á útseldri vinnu. Tel ég í hæsta máta óeðlilegt að ég sé með þessu móti þvingaður til samráðs um verð.*“

Í öðru lagi segir í lok erindisins: „*Einnig óska ég eftir að láta kanna lögmæti þess að mælingastofan sé rekin af samkeppnisaðilum mínum í faginu.*“

Til stuðnings erindi sínu afhenti Sverrir Sigurðsson hf. Samkeppnisstofnun ljósrit af áætlun af mælingu, dags. 12. október 1994, á verki sem fyrirtækið vann og Mælingastofa pípulagningamanna sendi fyrirtækinu. Fyrirtækið telur að í áætlun sem þessari felist verðsamráð. Einnig sendi Mælingastofan fyrirtækinu bréf, dags. 12. október 1994, þar sem fram kemur að skylt sé að mæla upp öll verk pípulagningamanna hvort sem vinna er framkvæmd samkvæmt tilboði, tímavinnu eða öðrum samningum.

**2.**

Í bréfi því sem Mælingastofan sendi Sverri Sigurðssyni hf., dags. 12. október 1994, segir meðal annars: „*Í vettvangskönnun starfsmanna stofunnar hefur komið í ljós að pípulögn er lokið nú þegar. Engar uppmælingar hafa verið*

*framkvæmdar á verkinu. Félögin vilja vinsamlega benda yður á að á félags-  
svæði þeirra gildir mælingaskylda, sem er skýr í málefнасamningi, 13. gr.  
Mælingaskylda þessi nær til allrar pípulagningavinnu. Vinna samkvæmt  
tilboði, tímavinnu eða öðrum samningum leysir menn á engan hátt undan  
mælingaskyldu“.*

### 3.

Síðari hluti erindis Sverris Sigurðssonar hf. varðar málefнасamning  
Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara. Í málefna-  
samningi félaganna segir meðal annars í 4. gr. b-lið 1. tl.: „*Félögin tilnefna  
hvort um sig tvo menn í fastanefnd sem sér um og ber ábyrgð á rekstri  
mælingastofunnar og hefur eftirlit með að verk séu mæld“.* Í 6. tl. sömu greinar  
segir: „*Stjórnir félaganna skulu í samráði við stjórn mælingastofunnar ráða  
starfslið mælingaskrifstofunnar, ákveða kaup þess og segja upp starfi ef þurfa  
þykir. Geta stjórnir félaganna og stjórn mælingaskrifstofunnar skotið þessum  
ákvæðum til almenns fundar í félögunum ef þurfa þykir“.*

Í málefнасamningi félaganna er þess ekki getið að stjórn eða starfsmenn  
Mælingastofunnar skuli vera óháðir utanaðkomandi aðilar.

## II.

### Starfsumhverfi Mælingastofunnar

Í kjarasamningum iðnaðarmanna er kveðið á um að taxtanefndir skuli meðal  
annars starfræktar til að annast breytingar og útgáfu á mælieiningum  
ákvæðisvinnu og skipa viðkomandi fagfélög sveina og meistara þrjá menn hvort  
í taxtanefnd.

Mælingastofa pípulagningamanna er starfrækt af Sveinafélagi pípulagninga-  
manna og Félagi pípulagningameistara. Milli félaganna er í gildi málefna-  
samningur sem meðal annars fjallar um starf taxtanefnda og Mælingastofu.

Í 3. grein málefnasamnings frá 5. apríl 1990 segir: „*Félögin reka sameiginlega  
fyrirtæki, Mælingastofu pípulagningamanna. Mælingastofan er ekki sjálfstæður  
skattaðili. Mælingastofan reiknar út og endurskoðar öll verk sem unnin eru eftir  
ákvæðisvinnutaxta félaganna og sér um innheimtu mælingagjalda. Heimilt er*

*að fela mælingastofunni innheimtu annarra gjalda, svo sem sjúkrasjóðs- og orlofsheimilasjóðsgjalda, félagsgjalda og endurmenntunargjald.“*

Í 4. gr. samningsins er fjallað um taxtanefnd í a-hluta og mælingastofuna í b-hluta. Í 1. tl. a-hluta segir: „*Félagsstjórnir tilnefna hvor fyrir sig þrjá menn í fastanefnd sem sjá um og beri ábyrgð á breytingum og viðbótum við ákvæðisvinnutaxtann, ásamt samningum og samskiptum við félög pípulagningamanna, sem varða notkun taxtans“*. Í 1. tl. b-hluta segir: „*Félögin tilnefna hvort um sig tvo menn í fastanefnd sem sér um og ber ábyrgð á rekstri mælingastofunnar og hefur eftirlit með að verk séu mæld. Skal nefndin heita Stjórn mælingastofu pípulagningamanna í Reykjavík.“*

Í 5. gr. segir: „*Óeðlilegt telst ekki þó ágóðahlutur í ákvæðisvinnu verði 40% til 80% á kaup sveina í tímavinnu. Ekki skal talin ástæða til endurskoðunar á verðlagningu taxtans þótt frá þessu bregði í einstöku tilvikum.“*

Í 7. gr. segir í 1. tl.: „*Þegar unnið er í ákvæðisvinnu skal verkið mælt upp og reiknað út eftir einingaskránni af fulltrúa mælingastofunnar sem síðan hefur uppmælinguna tilbúna endurskoðaða eins fljótt og auðið er“*. Í 2. tl. sömu greinar segir: „*Gjald vinnuflokks fyrir uppmælingar og gjald verkkaupa fyrir endurskoðun skal greitt mælingastofu við móttöku útreiknings“*.

Í 13. gr. segir meðal annars: „*Allar nýlagnir skulu unnar í ákvæðisvinnu, svo og allar aðrar lagnir þar sem því verður við komið. Óheimilt er að mæla verk hjá öðrum en meðlimum Félags pípulagningameistara, Reykjavík, og öðrum fullgildum meisturum og/eða Sveinafélags pípulagningamanna. Aðeins meistara eða fulltrúa hans er heimilt að leysa til sín mælingu. Verði annars óskað skal stjórn mælingastofu ákvarða þar um. Vanræki meistari að láta mæla upp verk er mælingastofunni skylt að framkvæma mælingu á staðnum, verði því við komið, en annars skal áætla verkmagn samkvæmt samþykktum teikningum.“*

### **III.**

#### **Sjónarmið aðila**

##### **1.**

Samkeppnisstofnun sendi erindi Sverris Sigurðssonar hf., dags. 14. febrúar sl., til Félags pípulagningameistara og Sveinafélags pípulagningamanna til

umsagnar. Ásamt umsögn um erindi Sverris voru félögin beðin að svara eftirfarandi:

*„1. Óskað er eftir skýringum félagsins á 5. gr. fyrrgreinds málefнасamnings frá 5. apríl 1990. Í tilefni af samningsákvæði þessu og erindi Sverris Sigurðssonar hf. er því beint til félagsins, að það geri skilmerkilega grein fyrir því, hvort við framkvæmd mælinga af hálfu mælingastofunnar eða á annan hátt í starfsemi hennar sé fjallað um annað en uppmælingu vegna ákvæðisvinnutaxta kjarasamnings til að staðreyna ákvæðisvinnukaup launþega. Ef svo er, ber að gera skýra grein fyrir þeirri starfsemi mælingastofunnar og sérstaklega, ef í starfsemi hennar er fjallað um álagningu meistara eða verðlagningu útseldrar vinnu að öðru leyti.*

*2. Gera ber grein fyrir mælingagjöldum, fjárhæð þeirra, innheimtu og hver greiði þau. Séu verkkaupar látnir greiða þessi gjöld að einhverju leyti, ber að gera sérstaka grein fyrir því og á hverju slík gjaldtala sé byggð.“*

## 2.

Sveinafélag pípulagningamanna sendi 21. febrúar sl. svar sitt við bréfi Samkeppnisstofnunar frá 14. febrúar sl. og þar segir um ofangreind atriði:

Svar Sveinafélagsins við fyrri spurningu Samkeppnisstofnunar, um 5. gr. málefнасamnings, hljóðar þannig: „Umrætt ákvæði felur í sér að ekki teljist ástæða til að endurskoða ákvæði í verðskrá pípulagningamanna þótt í einstökum tilfellum verði um að ræða 40% til 80% hærra tímakaup í uppmælingu en í tímavinnu. Þetta þykir ekki óeðlilegt þar sem uppmælingin er afkastahvetjandi launakerfi þar sem harðduglegir menn á góðum aldri ná miklum afköstum en slíkt er öllum hagstætt jafnt sveinum, meisturum og verkkaupum“. Og síðar segir: „Hvað mælinguna sjálfa varðar þá er þeirri spurningu svarað neitandi. Sveinninn fær greitt skv. mælingunni að frádregnu mælinga- og taxtagjaldi sem rennur til mælingastofunnar og taxtanefndar. Mælingastofan hefur síðan gengið frá reikningum fyrir útselda vinnu fyrir meistara þá sem fyrir verkinu standa í samræmi við óskir þeirra.“

Um seinna atriði bréfs Samkeppnisstofnunar segir í bréfi Sveinafélagsins: „Rétt þykir að meistarafélagið skýri hvernig einstökum þáttum í reikningsgerð er háttað enda er hún sveinafélaginu óviðkomandi. Mælingagjald það sem

sveinninn greiðir að viðbættu taxtagjaldi er 3,13% af launum hans og er hvorki meistari né verkkaupi krafinn um þá fjárhæð. Gjöldin eru einfaldlega dregin af kaupi sveinsins.“

Í lok bréfsins segir: „Um bréf Sverris Sigurðssonar hf. frá 28. 10. 1994 er það að segja að eftir því sem við best vitum er umrætt fyrirtæki aðili að félagi pípulagningameistara og því aðili að mælingastofunni. Það er eins og aðrir atvinnurekendur bundið af kjarasamningum um laun og önnur starfskjör. Þeir þættir hafa væntanlega áhrif á verðlagningu útseldrar vinnu en eru bundnir í lög en ekki andstæðir lögum.“

### 3.

Félag pípulagningameistara sendi 28. febrúar sl. svar sitt við bréfi Samkeppnisstofnunar frá 14. febrúar sl. og þar segir um fyrra atriði bréfsins, það er 5. gr.: „Sem svar bendum við á að ákvæðisvinna er afkastahvetjandi og er það hagur allra verkkaupa, pípulagningameistara og sveina að verk gangi hraðar og sveinar beri meira úr bótum ef þeir leggja sig fram“. Um það hvort um annað sé fjallað en uppmælingu til að staðreyna ákvæðisvinnukaup launþega segir: „Svarið er nei. Uppmæling er eingöngu kjarasamningur milli sveina og meistara um að eingöngu skuli greidd laun samkvæmt uppmælingu við allar nýbyggingar og nýlagnir.“

Sem svar við seinna atriði fyrirspurnar Samkeppnisstofnunar, það er um mælingagjöldin, kemur eftirfarandi fram: „Við útreikning mælinga eru svo innreiknuð öll launatengd gjöld sem allir eru skyldugir að greiða svo sem skattar og tryggingar, nema styrktarsjóðs, orlofsheimila og endurmenntunargjald sem eru innheimt í gegnum lífeyrissjóð byggingamanna. Síðan er svo lagt á mælinguna endurskoðunargjald 2,25% og taxtagjald 0,26% sem meistara og sveinar greiða að hálfu og mælingagjald 3% sem dregið er af kaupi sveinsins. Að lokum er svo sett sú álagningatala sem hver einstakur meistari vill nota fyrir sig.“

Í lokaorðum svars pípulagningameistara segir: „Í lögum félagsins eru ákvæði um að meisturum beri að fara eftir samningum félagsins að öllu leyti og í samningi Félags pípulagningamanna og Sveinafélagsins er samið um að allar nýlagnir skuli greiða samkvæmt uppmælingu.“

#### 4.

Sverri Sigurðssyni hf. voru 15. mars sl. sendar umsagnir félaganna og í bréfi, dags. 29. mars 1995, gerir fyrirtækið við þær athugasemdir og óskar eftir skýringum í tíu liðum á atriðum sem það telur að ekki hafi verið skýrð í fyrirnefndum umsögnum. Þar segir meðal annars:

*„1. Í svari beggja félaganna er því haldið fram að mæling sé eingöngu kjarasamningsatriði. Í áætlun, sem mælingastofa pípulagningamanna gerði á verk sem unnið var af Sverri Sigurðssyni hf. og Samkeppnisstofnun hefur undir höndum er samt sem áður áætluð útseld vinna einnig og af henni reiknuð gjöld til mælingastofu. Ef mæling er eingöngu kjarasamningsmál því þá að áætla einnig útselda vinnu? Er tilgangurinn hærri gjöld sem renna til mælingastofu eða skipulagt verðsamráð?...*

*10. Umrædd bréf frá Meistarafélagi pípulagningamanna og Sveinafélagi pípulagningamanna hafa á engan hátt skýrt út erindi okkar til Samkeppnisráðs. **Ef mæling er eingöngu kjaramál hvers vegna er okkur þá gert að greiða gjöld af útseldri vinnu en ekki eingöngu mælingatölu sveina.** Einnig óskum við svara við því að ef mæling er eingöngu kjaraatriði hvenær breyttist það og hvenær var það tilkynnt félagsmönnum. Ef það hafi ekki verið tilkynnt, hafa meistarar þá endurkröfurétt á mælingagjöldum?."*

Sverrir Sigurðsson hf. sendi einnig með bréfi sínu ljósrit af grein er birtist í Morgunblaðinu 29. janúar sl.

#### 5.

Sveinafélagi pípulagningamanna og Félagi pípulagningameistara var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við bréf Sverris Sigurðssonar hf., dags. 29. mars sl.

Í svari Sveinafélags pípulagningamanna, dags. 19. apríl sl., segir meðal annars:

*„1. Eins og fram kemur í 13. gr. málefnsamnings félagsins og Félags pípulagningameistara, Reykjavík, skulu allar nýlagnir í greininni unnar í ákvæðisvinnu svo og allar aðrar lagnir þar sem því verður við komið. Í samræmi við þetta eru slík verk mæld upp og sveinum greitt fyrir þau*

skv. uppmælingataxta kjarasamnings aðila. Við framkvæmd mælingar þeirrar sem Sverrir Sigurðsson hf. vitnar til í bréfi sínu var útreikningi gjalda hagað með sama hætti og gert hefur verið varðandi mælingar sem það fyrirtæki hefur látið framkvæma hjá mælingastofunni. Áætlun á útseldri vinnu sem um ræðir í bréfi fyrirtækisins felur ekki í sér annað eða meira og er þar því ekki um það að ræða sem fyrirtækið kallar skipulagt verðsamráð.

10. Eins og áður er fram komið er útseld vinna ekki mál sveinafélagsins".

## 6.

Í svari Félags pípulagningameistara, dags. 18. maí sl., kemur fram í fyrstu málsgrein það álit formanns Félags pípulagningameistara að fyrirspurnir varðandi uppmælingu eigi að berast stjórn Mælingastofunnar en ekki stjórn félaganna tveggja sem reka Mælingastofuna. Og þar segir enn fremur: „Hluthafar svara ekki fyrir gjörðir stjórnar í hlutafélagi“. Í svari pípulagningameistara segir meðal annars:

„1. Hér er um áætlun að ræða og í áætlunum er notast við síðustu tölu sem var gefin upp áður en álagning var gefin frjálts. Þessi tala er notuð ef meistarar gefa ekki upp sína álagningu. Sverrir Sigurðsson hf. getur gefið upp sína útseldu tölu til mælingastofu og breytt þannig áætluninni.

10. Við sjáum ekki að þetta sé mál Samkeppnisstofnunar, þetta hefur verið framkv. svona frá stofnun mælingastofunnar, og finnst okkur eðlilegt að fulltrúar S.S. hf. eigi þetta beint við sitt félag sem er annar aðili að rekstri mælingastofunnar. Allir samningar sem Meistarafélagið gerir fyrir hönd sinna félagsmanna eru bornir upp til samþykktar á félagsfundum sem eru boðaðir samkv. félagslögum með útsendri dagskrá.“

## IV. Niðurstöður

### 1.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 8/1993, samkeppnislaga, taka lögin ekki til launa eða annarra starfskjara samkvæmt kjarasamningum. Samkeppnisyfirvöld hafa því ekki tekið erindið til meðferðar að því leyti, sem það kann að varða laun og starfskjör sveina í umræddri iðngrein, þ.e. pípulagningum. Það sem á undir samkeppnisyfirvöld er álagning meistaranna, en hún er frjáls. Sá þáttur útseldrar vinnu getur því komið til kasta samkeppnisfirvalda, ef talið er, að brotið sé gegn IV. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. einkum 10. gr. laganna.

Kvörtunarefnið varðar starfsemi Mælingastofu pípulagningamanna. Mælingastofan tengist launahluta kjarasamninga að því leyti, að hún reiknar út verk, sem unnin eru eftir ákvæðisvinnutaxta. Fyrirkomulagið er með þeim hætti, að í launakafla kjarasamninga byggingarmanna eru umsamin ákvæði um ákvæðisvinnutaxta, reiknitölur þeirra og álag. Þar er um hrein launaákvæði að ræða, sem lúta eingöngu að sammingsbundnu kaupum milli launþega og vinnuveitenda, sbr. lið 1.2. í I. kafla kjarasammings milli Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnuálagssambands samvinnufélaganna og Meistara- og verktakasambands byggingamanna annars vegar og Sambands byggingamanna f.h. aðildarfélaganna sinna hins vegar (heildarútgáfa sammingsins gildandi frá 1. maí 1992). Í kjarasamningnum er ekkert vikið beint að mælingastofum eða starfsemi þeirra. Innan vébanda umræddrar iðngreinar, pípulagninga, er hins vegar í gildi alveg sjálfstæður samningur um mælingastofu, verksvið hennar og starfsemi, er ber heitið „*Málefнасamningur milli Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara, Reykjavík*“, frá 5. apríl 1990. Í sambandi við þennan samning (og aðra slíka samninga innan byggingariðnaðar) er þess þó rétt að geta, að samkvæmt lið 1.4.3. í kjarasamningnum er mælt svo fyrir, að skriflegir samningar skuli gerðir milli aðila um öll hvetjandi launakerfi, sem notuð eru í iðngreinum, og að einnig skuli stefnt að því, að önnur stéttarfélag, sem hlut eiga að máli, verði aðilar að slíkum samningum. Í lið 1.5.3. í kjarasamningnum er gert ráð fyrir, að gengið verði frá slíkum samningum innan tiltekins frests, þar sem unnið sé eftir hvetjandi launakerfum án þess að gerðir hafi verið sérstakir samningar þar um. Það verður því að ætla, að fyrrgreindur málefнасamningur eigi rætur að rekja til kjarasammingsins sem skyldi aðila til sammingsgerða um



hvetjandi launakerfi og framkvæmd þeirra. Má því segja, að kjarasamningurinn og málefнасamningurinn séu í órofa tengslum.

## 2.

Við athugun á svörum félaganna við spurningum Samkeppnisstofnunar ásamt athugun á svörum félaganna við spurningum sem Sverrir Sigurðsson hf. setti fram í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 29. mars sl., og félögin voru einnig beðin um að svara kemur meðal annars fram að uppmæling sé eingöngu kjarasamningsatriði til þess að tryggja að sveinninn fái umsamin laun. Engu að síður áætla Mælingarstofa pípulagningamanna einnig útselda vinnu og reiknar af henni gjöld til stofunnar.

Fyrir liggur að í áætlununum er notast við síðustu tölu sem gefin var upp áður en álagning var gefin frjálts. Sú tala er því lögð til grundvallar á meðan meistara gefa ekki annað til kynna. Nú er það svo, að síðasta tala áður en álagning var gefin frjálts var eðli málsins samkvæmt samræmd. Það fyrirkomulag að halda áfram að notast við þennan grundvöll eftir að álagning er gefin frjálts leiðir til áframhaldandi samræmingar á kostnaði fyrir þjónustu pípulagningameistara. Að auki eru tölur fyrir útselda vinnu notaðar sem reiknitölur Mælingastofunnar við að reikna út 2,25% gjald til stofunnar (endurskoðunargjald). Útseld vinna er ekki nema að hluta til kjarasamningsatriði og álagning meistara er Mælingastofunni með öllu óviðkomandi. Því verður að teljast óeðlilegt að Mælingastofan byggi útreikninga á gjöldum til stofunnar á öðrum fjárhæðum en fram koma í kjarasamningum og launatengdum gjöldum.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður að telja að það samræmist ekki skýrum bannákvæðum 10. gr. samkeppnislaga að leggja til grundvallar í áætlunum að álagning pípulagningameistara sé sú sama og gildi áður en álagning var gefin frjálts, enda hlýtur að felast í slíkri aðferð ákveðin leiðbeining um hver álagning meistara skuli vera á hverjum tíma.

## V.

### Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er Mælingastofu pípulagningamanna óheimilt að áætla með samræmdum hætti álagningarhlutfall pípulagningameistara. Samkeppnisráð beinir þeim fyrirmælum til Mælingastofu pípulagningamanna að láta af þeirri aðferð að leggja til grundvallar síðasta álagningarhlutfall áður en álagning var gefin frjál, enda er álagning meistara mælingastofunni með öllu óviðkomandi.“

## **Fylgirit.**

- Fylgirit 1. Erindi Sverris Sigurðssonar hf. dags. 28. október 1994, ásamt fylgiskjöllum.
- Fylgirit 2. Ljósrit af uppmælingu nr. 3124 dags. 23. nóvember 1994 og uppmælingu nr. 3142 dags. 2. desember 1994.
- Fylgirit 3. Málefнасamningur Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara dags. 5. apríl 1990.
- Fylgirit 4. Bréf Samkeppnisstofnunar dags. 14. febrúar sl. til Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara.
- Fylgirit 6. Bréf Sveinafélags pípulagningamanna dags. 21. febrúar sl.
- Fylgirit 5. Bréf Félags pípulagningameistara dags. 28. febrúar sl.
- Fylgirit 6. Bréf Sverris Sigurðssonar hf. dags. 29. mars sl. ásamt fylgiskjöllum.
- Fylgirit 7. Bréf Sveinafélags pípulagningamanna dags. 19. apríl sl.
- Fylgirit 8. Bréf Félags pípulagningameistara dags. 18. maí sl.
- Fylgirit 9. Afrit af útreikningum Meistara og Verktakasambands Byggingamanna vegna útseldrar vinnu pípulagningamanna dags. 1. júní 1991.